

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um aðgengi að heilbrigðisþjónustu í Kjósarhreppi.

1. *Hvenær mun foreldrum nýfæddra barna í Kjósarhreppi bjóðast heimavítjanir hjúkrunarfræðings í ung- og smábarnavernd, rétt eins og öðrum nýbökudum foreldrum sem falla undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins?*

Heilsugæslustöðin í Mosfellsbæ sinnir ung- og smábarnavernd í Kjósarhreppi. Hins vegar er heimaþjónusta ljósmæðra, sem er þjónusta fyrstu tíu dagana eftir fæðingu barns, sjálfstætt rekin af ljósmæðrum á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands. Foreldrar hafa val um þá ljósmóður sem kemur heim til þeirra eftir fæðingu barns og hafa foreldrar beint samband við viðkomandi ljósmóður.

2. *Hvenær munu íbúar Kjósarhrepps geta notið hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu í heimahúsi allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins veitir öðrum íbúum sem falla undir hana?*

Heilsugæslustöðin í Mosfellsbæ, sem heyrir undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sinnir heimahjúkrun og annarri heilbrigðisþjónustu í heimahúsi í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi á virkum dögum á dagvinnutíma. Reykjavíkurborg sinnir þessari þjónustu í Mosfellsbæ á kvöldin og um helgar á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands. Farið hefði vel á því ef samsvarandi þjónusta við Kjósarhrepp á kvöldin og um helgar hefði sömuleiðis verið hluti af þeim samningi. Ráðuneytið hefur því nú þegar falið Sjúkratryggingum Íslands að tryggja þjónustu heimaþjónustu Reykjavíkur við íbúa Kjósarhrepps með viðaukasamningi í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á meðan gengið er frá þeim samningi er ábyrgð á þjónustunni hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.